

Truenorth Ísland ehf.
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



Reykjavík 6. júlí 2016
UST201607-003/S.P.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - Reynisfjara

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Truenorth ehf., dags. 1. júlí 2016, þar sem sótt er um leyfi til þess að aka utan vega vegna kvikmyndatöku.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Umhverfisstofnun getur veitt sérstakt leyfi, ef nauðsyn krefur, til að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, m.a. vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Lýsing framkvæmdar

Sótt er um leyfi til þess að keyra Super jeppa á stórum dekkjum, vestan megin í Reynisfjöru. Talið er að nauðsynlegt verði að fara út af slóða sem nú þegar er til staðar á svæðinu. Að tókum loknum mun umsækjandi slóðadraga fjöruna. Um 7-10 manns koma að tókunum, engin leikmynd verður sett upp heldur er aðeins um að ræða gangandi fyrirsætu. Sótt er um leyfi til þess að aka utanvega til þess að ferja tækjabúnað á tókustað. Bílinn verður ekki í mynd.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur að aksturinn, eins og honum er lýst í umsókn aðila, komi ekki til með að hafa áhrif á náttúru landsins enda mun umsóknaraðili slóðadraga eftir sig á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir Truenorth ehf. hér með leyfi til þess að aka utan vega sbr. umsókn að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- Farið skal eftir þeirri lýsingu er fram kemur í bréfi þessu. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um allar breytingar, fyrirfram, og fá álit fulltrúa stofnunarinnar.
- Umsækjandi skal hafa samband við landvörð Umhverfisstofnunar, Gunnar Grímsson í síma 822-4083, áður en tókur hefjast.
- Ökumönnum er skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda varanlegum náttúruspjöllum.
- Ökumenn skulu halda skrá um akstur sinn utan vega og veita Umhverfisstofnun aðgang að þeirri skrá þegar óskað er.
- Afmá skal hjólför utan vega þar sem ekið er útaf merktum slóða.
- Leyfi þetta gildir fyrir kvikmyndatöku á tímabilinu 20. júlí til 27. júlí 2016.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með tökum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Gjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er kr. 39.400, sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur